

# OFBELDI BARNNA – STAÐAN OG ÁSKORANIR

JÚNÍ 2024



**RLS**

Ríkislögreglustjóri



# EFNISYFIRLIT

<b>SAMANTEKT</b>	<b>4</b>
<b>INNGANGUR</b>	<b>6</b>
Almennt um ofbeldisbrot	<b>8</b>
Áhrif ofbeldis- og áhættuhegðunar barna	<b>8</b>
Skilgreiningar	<b>10</b>
<b>STAÐAN Á NORÐURLÖNDUM</b>	<b>11</b>
Noregur	<b>12</b>
Danmörk	<b>13</b>
Finnland	<b>14</b>
Svíþjóð	<b>15</b>
<b>ÁHYGGJUR LÖGGÆSLUYFIRVALDA</b>	<b>17</b>
<b>TÖLFRÆÐIGÖGN LÖGREGLU</b>	<b>19</b>
<b>TENGINGAR VIÐ SKIPULAGÐA BROTASTARFSEMI</b>	<b>26</b>
<b>MENNINGARKIMAR OFBELDIS</b>	<b>30</b>
<b>OFBELDI OG SAMFÉLAGSMIÐLAR</b>	<b>32</b>
<b>NÆSTU SKREF</b>	<b>34</b>
<b>LOKAORÐ</b>	<b>36</b>
<b>HEIMILDASKRÁ</b>	<b>38</b>

# SAMANTEKT

---


Flest börn á Íslandi búa við jákvæðar og uppbyggilegar aðstæður og taka virkan þátt í tómstundum, íþróttá- og félagsstarfi sem eykur lífsgæði þeirra og framtíðarmöguleika. Í þessari skýrslu er leitast við að varpa ljósi á ofbeldisbrot barna sem stunda ofbeldis- og áhættu hegðun með neikvæðum afleiðingum á velferð þeirra og þroska. Farið verður yfir tölfræðigögn lögreglu sem tengjast ofbeldi ungmenna, rýnt í önnur útgefin gögn og jafnframt skoðaðar birtingarmyndir á hagnýtingu barna og ungmenna í skipulagðri brotastarfsemi.

## HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Heilt yfir hefur ofbeldisbrotum ungmenna ekki fjölgað frá árinu 2007 en þegar horft er til alvarlegra ofbeldisbrota, meiriháttar/stórfelldra líkamsárása, þá hefur þeim fjölgað og hafa aldrei verið fleiri. Jafnframt hefur orðið fjölgun ofbeldisbrota hjá aldurshópnum 13–15 ára frá árinu 2007. Einnig er hlutfall ungmenna sem fremja brot ekki að hækka en fleiri fremja ítrekuð ofbeldisbrot. Gögn lögreglu benda einnig til þess að börn og ungmenni eru í félagahóp með hópum og einstaklingum í skipulagðri brotastarfsemi þar sem ólögleg starfsemi fer fram, þ.m.t. fíkniefnasala.


## OFBELDISBROT UNGMENNA – FJÖLDI BROTA OG Á ÍBÚA

Heildarfjöldi ofbeldisbrota ungmenna og brota þeirra miðað við 10 þúsund íbúa, 2007–2023. Miðað er við íbúafjölda 1. janúar hvert ár.



## MINNIHÁTTAR OG MEIRIHÁTTAR LÍKAMSÁRÁSIR

Fjöldi líkamsárása (217 gr.) og líkamsmeiðinga (218. gr.) ungmenna.





# INNGANGUR

---

Málefni barna og ungmenna er einn mikilvægasti málaflokkur samfélagsins. Barnasáttmálinn felur í sér viðurkenningu á að börn séu fullgildir einstaklingar sem eigi sjálfstæð réttindi. Fjórar greinar sáttmálans hafa verið skilgreindar sem grundvallarreglur en það eru 2., 3., 6., og 12. gr. Þar er kveðið á um bann við mismunun barna, að hagsmunir barna skuli ávallt vera í fyrirrúmi við allar ákvarðanatökur eða ráðstafanir sem varða börn, rétt barns til lífs, afkomu og þroska og rétt barns til að tjá sig og skyldu aðildarríkja til að taka réttmætt tillit til skoðana barns eftir aldri og þroska þess. Flest börn á Íslandi búa við jákvæðar og uppbyggilegar aðstæður og taka virkan þátt í tómstundum, íþrótt- og félagsstarfi sem eykur lífsgæði þeirra og framtíðarmöguleika.

Í þessari skýrslu er leitast við að varpa ljósi á ofbeldisbrot barna sem stunda ofbeldis- og áhættu hegðun með neikvæðum afleiðingum á velferð þeirra og þroska. Farið verður yfir tölfraeðigögn lögreglu sem tengjast ofbeldi ungmenna. Jafnframt verða skoðaðar birtingarmyndir á hagnýtingu barna og ungmenna í skipulagðri brotastarfsemi.

Leitast er við að greina þær áskoranir samfélagsins sem því tengjast með það að markmiði að stuðla að sameiginlegum skilningi lögreglu, stjórnvalda og samfélagsins í heild sinni á þeim samfélagslega skaða sem ofbeldisbrot barnanna hafa í för með sér.

Skýrslan er unnin með hliðsjón af upplýsingum úr málaskrá lögreglu sem nær yfir öll lögregluembætti landsins ásamt upplýsingum úr þeim gagnagrunnum sem lögregla starfrækir. Jafnframt byggir hún á upplýsingum frá ýmsum erlendum samstarfsaðilum greiningardeildar, öðrum stofnunum og hagaðilum ásamt opinberum heimildum, innlendum sem erlendum.

## ALMENNT UM OFBELDISBROT

Þegar litið er til þróunar í öllum ofbeldisbrotum og óháð aldri grunaðra árin 2007–2023 með tilliti til íbúafjölda má sjá að frá 2007–2014 fækkaði ofbeldisbrotum á íbúa. Árið 2015 mátti byrja að greina fjölgun milli ára og sú fjölgun hélt áfram til ársins 2023. Meginskýringin á fjölgun mála frá árinu 2015 er talin vera bætt meðferð og skráning í heimilisofbeldismálum. Þrátt fyrir það er heildarfjöldi ofbeldisbrota á íbúa lægri árið 2023 en hann var árin 2007–2009. Hins vegar þegar litið er til heildarfjölda meiriháttar/stórfelldra ofbeldisbrota, er fjöldi brota á íbúa hærri árið 2023 miðað við fyrri ár þegar litið allt aftur til ársins 2007 (9,2 brot á íbúa, næst hæst árið 2009 eða 8,1 brot á íbúa). Þegar horft er til ungmenna þ.e.a.s. börn á milli 10 og 17 ára hefur fjöldi minniháttar ofbeldisbrota haldist svipaður, þegar miðað er við fjölda íbúa. Hins vegar þegar skoðaður er sá hópur sem hefur stöðu grunaðra í meiriháttar eða stórfelldum líkamsárásum árið 2023, var hlutfall af íbúafjölda herra 2023 en fyrri ár. Nánar er komið inn á þessar tölur hér síðar í skýrslunni.

## ÁHRIF OFBELDIS- OG ÁHÆTTUHEGÐUNAR BARNNA

Ofbeldisbrot barna og ungmenna hafa alvarlegar og langvarandi afleiðingar fyrir samfélagið í heild sinni. Guðrún Kristinsdóttir og Nanna Kristín Christiansen gáfu út handbók um „Ofbeldi gegn börnum – hlutverk skóla“ árið 2022. Þær nefna að ofbeldi sé meðvituð valdbeiting sem getur beinst gegn einstaklingi, hópi manna eða samfélagi. Ofbeldi hefur alvarlegar afleiðingar sem geta varað fram á fullorðinsár. Þetta á við bæði fyrir börn sem beita ofbeldi sem og börn sem verða fyrir ofbeldinu. Um er að ræða margs kyns erfiðleika, s.s. læknisfræðilega, taugasálfræðilega, vitsmunalega og geðræna, svo og afleiðingar sem snerta hegðun, félagsleg samskipti og tilfinningar. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) nefnir að ofbeldi meðal ungmenna birtist fyrst og fremst á almannafæri, innan skólakerfisins. Ungmenni eru viðkvæmur hópur og ef börn eru berskjölduð fyrir áföllum, vanrækslu eða ofbeldi þá getur það leitt af sér áhættuhegðun sem þróast út í afbrotahegðun (WHO, 2010).

Reynsluheimur barna og ungmenna er einnig misjafn og eru sum börn í viðkvæmari stöðu en önnur. Samtvinnun (e. *intersectionality*) getur haft áhrif á jaðarsetningu ungmenna, þar sem ungmenni verða fyrir margþættri mismunun. Hér getur verið um að ræða ungmenni sem tilheyra fleiri en einum jaðarhópi og eru misjafnlega útsett fyrir því að verða gerendur og þolendur ofbeldis, vegna þátta á borð við kyn, fötlun, kynhneigð, kynvitund, uppruna, kynþátt, trú, stétt eða aldur. Allir þessir þættir hafa mótandi áhrif á reynsluheim barna og ungmenna (Crenshaw, 2014).



Börn og ungmenni eiga rétt á jöfnum tækifærum til að dafna og þroskast, félagslegu og efnahagslegu öryggi, tækifærum til menntunar og tómstunda. Að sama skapi eiga börn og ungmenni rétt á verndarúrræðum þegar kemur að áhættuhegðun og ofbeldi enda hefur slíkt víðtæk og langvarandi áhrif á þroska þeirra.

Frá sjónarhorni lögreglu á Íslandi er ofbeldi meðal ungmenna ekki nýtt fyrirbæri. Þegar horft er til viðhorfa barnanna sjálfra til þess hvað teljist vera ofbeldi mótast sá skilningur aftur á móti af ýmsum menningarlegum breytum og venjum sem tíðkast innan hópa og eru í stöðugri þróun. Ofbeldi er fjölþættur vandi og hafa örar samfélags- og tæknibreytingar haft í för með sér nýjar birtingarmyndir ofbeldis sem m.a. tengjast samfélagsmiðlum, myndskreiðum, kúgunum, og einelti. Nú eiga næstum öll börn, eldri en 9 ára eigin farsíma (Ingibjörg Kjartansdóttir, 2022). Börn eru því orðin berskjaldaðri fyrir skaðlegu efni á samfélagsmiðlum. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur bent á að börn taka í auknum mæli upp alvarleg ofbeldisbrot og miðla áfram á samfélagsmiðlum (LRH, 2020).

# SKILGREININGAR

## BARN

Barn er einstaklingur undir 18 ára aldri samkvæmt íslenskum lögum, þ.m.t. barnaverndarlögum nr. 80/2002. Í þessari skýrslu er sjónum beint að aldurshópnum 10–17 ára, þ.e. ólögráða einstaklingum á Íslandi.

## OFBELDI UNGMENNA

Samkvæmt Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni er ofbeldi meðal ungmenna (e. *Youth violence*) skilgreint sem ofbeldi sem á sér stað milli einstaklinga á aldrinum 10–29 ára og eru óskyldir, þekkjast ekki eða eru í félagahóp saman. Ofbeldið á sér stað utan heimilis. Það felur í sér margskonar athæfi, einelti, bæði á netinu og í raunheimum, slagsmál, alvarlegar líkamsárásir, þar á meðal kynferðisofbeldi, gengja-ofbeldi og manndráp. Ofbeldi ungmenna á sér alvarlegar afleiðingar og getur leitt til dauðsfalla, meiðsla, fötlunar og langvarandi heilsufarslegra afleiðinga, þ.m.t. geðrænna vandamála og aukinnar áhættuhegðunar. Það tengist enn frekar brottfalli úr skólum, neikvæðum áhrifum á vitsmuna þroska, heilsu og velferð ungmenna. (WHO, 2023). Í þessari skýrslu er þó sjónum beint að aldurshópnum 10–17 ára, þ.e. ólögráða einstaklingum á Íslandi.

## GENGI

(e. *street gangs*)

Hér skilgreint sem „hópur ungmenna sem er áberandi á almannafæri og sjálfsmýnd hópsins byggist á þátttöku í ólöglegu athæfi“ (Klein, 2024:21). Með athæfi er átt við hverskyns ofbeldisverknaði, eignarspjöll, innbrot, sölu á ólöglegum varningi og öðru refsiverðu athæfi.

## SKIPULÖGD BROTASTARFSEMI

(e. *serious and organized crime*)

Lagaleg skilgreining hér á landi á skipulagðri brotastarfsemi er samkvæmt 175 gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 en þar segir eftirfarandi: „...Með skipulögðum brotasamtökum er átt við félagsskap þriggja eða fleiri manna sem hefur það að meginmarkmiði, beint eða óbeint í ávinningsskyni, að fremja með skipulegum hætti refsiverðan verknað sem varðar að minnsta kosti 4 ára fangelsi, eða þegar verulegur þáttur í starfseminni felst í því að fremja slíkan verknað“.

# STAÐAN Á NORÐURLÖNDUM

---

Hér á eftir verður farið yfir stöðu ofbeldismála ungmenna á Norðurlöndum. Málaflokkurinn er nokkuð flókinn og skilgreiningar eru misjafnar. Lögreglu- yfirvöld í Finnlandi og Noregi hafa gefið út stutta samantekt varðandi einkenni ofbeldis meðal ungmenna. Sömuleiðis hafa dómsmálaráðuneytið í Danmörku og Afbrotavarnarráð Svíþjóðar gefið út vandað efni um málaflokkinn.

Samnefnari allra Norðurlandanna er sá að alvarlegum ofbeldisbrotum fari fjölgandi, sér í lagi hjá 15 ára og yngri. Mikilvægt þykir hér að taka fram að munur er á afbrotahæðun ungmenna sem eru hagnýtt í ólögleg verkefni skipulagðrar brotastarfsemi annars vegar og hins vegar afbrotahæðun ungmenna sem telja sig vera hluti af gengjum eða þar sem vinahópar eru virkir í afbrotahæðun og frávikshæðun og þátttaka þeirra er félagslega bundin við jafningjahópana (Brá, 2023:6).

## NOREGUR



Afbrotavarnir eru í forgangi þegar kemur í stefnumótun í löggæslu í Noregi, með sérstaka áherslu á ungmenni (Jon Chrisitan Moller, 2022). Í Noregi hefur orðið vart við aukna tíðni ungmennaofbeldis og hefur lögreglan í Osló staðfest að tilkynningum um ofbeldis og áhættuhegðun barna og ungmenna á aldrinum 10–17 ára hafi fjölgað mikið á árinu 2023. Gerendur eru yngri en áður og ofbeldið alvarlegra. Lögreglan hefur sérstaklega áhyggjur af börnum undir 15 ára aldri (Politet, 2024).

Tölfræði lögreglunnar í Osló gefur til kynna tvöföldun á vopna- og hnífaburð árið 2023 miðað við árið 2022 (Politet, 2024). Lögreglan í Noregi greinir frá hópum innan skipulagðrar brotastarfsemi sem nálgast ungmennin með því að lofa þeim efnahagslegum ávinningi af brotastarfseminni.

Í lögreglufræðum er enska hugtakið „grooming“ eða tæling á íslensku notað yfir aðferðafræði þar sem börn eru hagnýtt til að fremja afbrot. Upplýsingar norsku lögreglunnar gefa til kynna að börn séu m.a. tæld til að flytja fíkniefni á milli hverfa auk þess sem þau eru hagnýtt til að fremja önnur brot. Ungmennin fremji afbrotin meðal annars til að viðhalda þeim lífstíl sem brotahóparnir hafa vanið þau við en einnig til að öðlast viðurkenningu meðal jafningja.

Tölfræði sem embætti ríkislögreglustjóra í Noregi gaf út árið 2024 sýnir að á árinu 2023 voru 21.800 skráningar varðandi börn, 18 ára og yngri, sem grunuð voru og ákærð fyrir afbrot. Það er aukning um 28% frá árinu 2022, og eru börn 15 ára og yngri um 36% af heildarfjölda.

Hvað varðar skráningar ofbeldisbrota voru ungmenni 18 ára og yngri, sem voru grunuð/sakfelld fyrir ofbeldisbrot, um 4000 árið 2022 miðað við 5400 árið 2023. Lögreglan í Noregi hefur áhyggjur af þeirri þróun að sífellt yngri börn séu skráð í tengslum við ofbeldisbrot.

Ríkislögreglustjórinn í Noregi telur þörf á frekari samþættingu milli stofnana, sér í lagi á milli velferðarkerfisins og lögreglunnar. Enn fremur að huga þurfi betur að börnum sem búi við óviðunandi aðstæður. Hér er sérstaklega átt við fátækt, inngildingingu innflytjenda, aukna þátttöku barna í tómsundum og að huga beri að skólasókn barna. Jafnframt þarf að huga betur að úrræðum fyrir ungmenni sem glíma við fíkniefnavanda eða eiga við þroska- og hegðunarvanda að etja. (Politidirektoratet, 2024).



Afbrotavarnarráð Danmerkur (*Det Kriminalpræventive Råd*) hefur reglulega gefið út leiðbeiningar um forvarnir til að sporna gegn afbrotum ungmenna og er þá sérstaklega nefnt heildstæða nálgun á líðan þeirra með stuðningi sveitarfélaga, skóla og heilbrigðiskerfisins (2024). Hins vegar er ekki gefin út tölfræði um ofbeldisbrot hjá ungmennum á aldrinum 10–17 ára, eingöngu fullorðinna. Dómsmálaráðuneyti Danmerkur (2022) gaf út skýrslu um afbrot ungmenna og þróun á árunum 2011–2020. Þegar átt er við börn í dönsku skýrslunni er miðað við aldurinn 10–17 ára. Í danska velferðarkerfinu er engin ein skilgreining á ungmennum þegar kemur að aldursviðmiðum. Stundum er vísað til barna frá 0–14 ára, til ungmenna þegar fjallað er um 15–17 ára eða vísað til „barna – og ungmenna“ þegar aldurshópurinn 0–18 ára er skilgreindur (European Commission, 2021:7). Ein af niðurstöðum skýrslunnar frá Dómsmálaráðuneytinu (2022) er sú að aukning hefur orðið í ofbeldismálum og alvarlegum hótunum meðal ungmenna í Danmörku, eða um 10% milli ára 2019–2020 í aldurshópnum 10–14 ára, og 15% aukning í aldurshópnum 15–17 ára.

Hagstofa Danmerkur, Danmark Statistik (2022), birti afbrotatölfræði frá árunum 2015–2022. Tölfræði um ofbeldi barna og ungmenna á aldrinum 10–14 ára (undir refsíabyrgð) sýnir að árið 2015 voru 270 ofbeldisbrot skráð hjá lögreglu. Fjórum árum síðar, árið 2019, voru skráðar 379 tilkynningar vegna ofbeldisbrota. Árið 2020 fjölgaði tilkynningum mikið en þá voru skráð brot 764 talsins. Til ársins 2024 hefur gætt nokkurra sveiflna í tölfræðinni en fjöldi brota hefur þó haldist yfir 700 skráningum á ári.

Í skýrslu dönsku hagstofunnar er ungmennaofbeldi flokkað í tvo aldurshópa. Annar hópurinn eru einstaklingar 14 ára og yngri en hinn viðmiðunarhópurinn eru ungmenni á aldrinum 15–24 ára. Í síðarnefnda hópnum er afbrota- og ítrekunartíðni hæst (2022). Í fréttatilkynningu frá danska dómsmálaráðuneytinu árið 2023 kom fram að fjöldi ungmenna á aldrinum 15–18 ára, sem eru ákærð vegna vopna- og hnifaburðar, hafa tengsl við skipulagða brotastarfsemi og telja dönsk stjórnvöld að auka þurfi refsheimildir vegna þessa en slíkt hefur skapað mikla umræðu meðal sérfræðinga í afbrotavörnum í Danmörku sem telja það hafa þveröfug áhrif.

---

## FINNLAND



---

Embætti ríkislögreglustjóra í Finnlandi hefur gefið út skýrslu um afbrot ungmenna vegna fjölgunar mála þeim tengdum. Sérstaklega er haft orð á því að afbrot ungmenna á sér margar birtingarmyndir og þá sérstaklega félagslegar. Félagahópurinn hefur mikil áhrif á hegðun barna og ungmenna og má þá einnig nefna áhrif snjallsíma og samfélagsmiðla sem áhrifavalda í frávikshegðun (2023:7). Í Finnlandi hefur orðið aukning í ofbeldishegðun ungmenna og gengjamyndunum (Aberg og Tyvela, 2023:1). Samkvæmt gögnum finnsku lögreglunnar hefur orðið mikil fjölgun ofbeldismála sem tengjast ungmönnum 15 ára og yngri, bæði í höfuðborginni Helsinki sem og á landsvísu (Poliisi, 2022).

Á heimasíðu finnsku lögreglunnar kemur fram að ofbeldi ungmenna hafi þrefaldast frá árinu 2015 (Poliisi, 2024). Sérstaklega er horft til aukinnar gengjamyndunar hjá ungmönnum og þá ógn sem stafar af eldri brotamönnum í skipulagðri brotastarfsemi sem hagnýta ungmenni til ofbeldisbrota.

Í tilkynningu frá finnsku lögreglunni þann 8. mars 2024 segir að ofbeldi ungmenna sé ekki einvörðungu löggæslumál heldur þurfi einnig að efla verndandi þætti í velferðarkerfinu og aðkomu samfélagsins að forvarnarstarfi. Finnska lögreglan telur heildstæða nálgun í þessum viðkvæma málaflokki afar mikilvæga, sérstaklega ef haft er í huga að ungmenni sem beita ofbeldi eru oft á tíðum sjálf þolendur ofbeldis og vanrækslu í æsku.

Sé horft til fleiri þátta en afbrotatölfræðinnar, þá benda gögn lögreglu í Finnlandi til þess að einkenni ofbeldishegðunar hjá ungu fólki hafa breyst; hnífnotkun og eggvopn tengist oftast ofbeldi sem er tekið upp á snjallsíma og dreift á samfélagsmiðlum. Ofbeldinu er oftast beitt gegn jafnöldrum og það á sér einnig stað innan skólakerfisins (Poliisi, 2022).



Á síðustu tíu árum hefur orðið nokkur fjölgun afbrota ungmenna í Svíþjóð, sér í lagi tengdum fíkniefnamarkaðinum og vopnaburði (Regeringskansliet, 2024). Mikil fjölgun alvarlegra ofbeldisatvika og líkamsárása varð árið 2023. Jafnframt hefur þróunin verið sú að brotahópar nýta sér ungmenni í auknum mæli við ólöglega starfsemi (Polisen, 2024). Skilgreiningar á aldurshópum ungmenna eru líkt og í Danmörku og Noregi, misjafnar. Almennt er miðað við ungmenni sem 18 ára og yngri, og fullorðna sem 18 ára og eldri í skýrslum afbrotavarnarráðs (Brå, 2024).

Afbrotavarnarráð Svíþjóðar, Brottsförebyggande rådet (Brå), heyrir undir sænska dómsmálaráðuneytið og leiðir ráðið rannsóknir og fræðslu um afbrota- og ofbeldisforvarnir. Að beiðni sænskra stjórnvalda hefur afbrotavarnarráðið fengið það verkefni að rannsaka stöðu barna sem fremja afbrot, 15 ára og yngri. Áætlað er að Brå skili frumdrögum rannsóknarinnar árið 2025. Markmið með rannsókninni er að skoða þróun afbrotahegðunar ungmenna, aðkomu velferðarkerfisins og meta hvernig lögregla tekur á ofbeldismálum ungmenna. Tilfni þessarar rannsóknar er hin mikla fjölgun ofbeldisbrota ungmenna í Svíþjóð undanfarin ár (Brå, 2023). Þegar kemur að afbrotatölfræði þá hefur orðið nokkur fjölgun dauðsfalla, einni alvarlegustu birtingarmynd ofbeldis, þegar kemur að ofbeldi ungmenna og tengslum við skipulagða brotastarfsemi. Árið 2018 voru þrjú manndráp þar sem gerandi var 18 ára eða yngri, en árið 2023 voru þau þrettán og merkja má aukningu í hnífaburði (Brå, 2024).

Ofbeldishegðun barna og ungmenna í Svíþjóð hefur tekið breytingum á sl. 10 árum. Ofbeldið er mun alvarlegra og helst það í hendur við aukna misbeitingu á skotvopnum hjá börnum undir 15 ára aldri sem hefur fjölgað úr 10 tilfellum árið 2019 í 44 tilfelli árið 2022 (Brå, 2023:13). Í þessari tölfræði eru eggvopn ekki talin með. Margt bendir til að þessi neikvæða þróun hafi haldið áfram árið 2023.

Í framangreindri skýrslu kemur fram að börn á aldrinum 12–15 ára sæta hagnýtingu brotahópa, einkum eru það eldri ungmenni (20 ára og yngri) sem talin eru hagnýta yngri börn. Rannsóknin sýnir að yngri börn eru aðallega fengin til þess að selja fíkniefni eða flytja þau á milli staða. Á síðari stigum hagnýtingar eru börnin látin taka að sér fleiri ólögleg verk, m.a. flytja vopn á milli staða og beita ofbeldi, jafnvel fremja manndráp.

Í skipulagðri brotastarfsemi í Svíþjóð eru ungmenni álitin ódýrt vinnuafli og er hagnýting þeirra talin vera þáttur í viðleitni brotahópa til að stækka markaðssvæði sitt og er hluti af viðskiptamódeli þeirra (Brå, 2023:13).

Mikilvægt er að halda til haga að Svíþjóð sker sig verulega frá öðrum Norðurlöndum hvað varðar þátt skipulagðrar brotastarfsemi, sérstaklega með tilliti til skotárása og ofbeldisverka ungmenna. Í Svíþjóð myndaðist sú sérkennilega staða að skipulagðir brotahópar urðu aðilar að stofnun einkafyrirtækja í velferðarkerfinu, m.a. fósturheimila og áfangaheimila. Á þann veg auðnaðist skipulögðum brotahópum að komast í löglega starfsemi innan velferðarkerfisins og fengu þeir jafnvel greitt frá sveitarfélögum samkvæmt löglegum samningum. Þannig höfðu brotahóparnir ótakmarkaðan aðgang að ungmennum í mjög veikri félagslegri stöðu (Liv Elgenklöw ofl., 2023). Í skýrslu Carin Gunnarson (2023) kemur fram hvernig brotahópar hafa haft áhrif á sveitafélögin í Svíþjóð með því að nýta sér veikleika velferðarkerfisins, m.a. með því að reka velferðarúrræði fyrir ungmenni. Ekki hafa borist fregnir frá öðrum Norðurlandþjóðum um samskonar aðferðafræði brotahópa.



# ÁHYGGJUR LÖGGÆSLUYFIRVALDA

Það er fjarri lagi að afbrotahegðun barna og ungmenna sé nýtt fyrirbæri. Ákveðið hlutfall ungmenna hefur einatt leiðst út í afbrot og áhættuhegðun. Fjöldi rannsókna hafa leitt í ljós að afbrotahegðun ungmenna á sér yfirleitt stað yfir stutt tímabil, einkum á unglingsárunum en flest þeirra láta af afbrota- og áhættuhegðun með auknum þroska (Estrada og Flyghed 2017, Sarnecki 2001).

Löggæsluyfirvöld á Norðurlöndum benda á að alvarlegum ofbeldismálum hafi fjölgað meðal ungmenna. Jafnframt að ungmenni séu hagnýtt af brota- hópum í skipulagðri brotastarfsemi á Norðurlöndum. Misjafnt er hvernig tekið er á málaflokknum milli landanna en helst má nefna aukið forvarnarstarf og þverfaglega samvinnu.

Norska lögreglan hefur bent á að með aukinni áherslu skipulagðra brota- hópa á að tæla ungmenni til afbrota hefur tímabilið sem ungmenni stunda afbrota- og áhættuhegðun lengst. Ungmennin eiga erfitt með að komast úr umhverfi afbrota þar sem þau eru föst í viðjum skipulagðar brotastarfsemi og telja sig jafnvel vera hluta af gengi. Þetta hefur einnig í för með sér að afbrotin og ofbeldið sem ungmenni eru virkir þátttakendur í, er mun alvarlegra og þar af leiðandi ólíkt þeirri hefðbundnu afbrota- og áhættuhegðun ungmenna sem tíðkaðist áður (Polisen, 2021).

Greiningardeild ríkislögreglustjóra hefur bent á í fyrri skýrslum sínum að áhætta vegna skipulagðrar brotastarfsemi á Íslandi telst mjög mikil. Íslenskur fíkniefnamarkaður líkist sífellt meira þeim evrópska og benda upplýsingar lögreglu til aukins vopnaburðar. Aldrei hefur verið haldlagt meira magn af marjúana og kókaíni á íslenskri grund frá upphafi vigtunar og talningar heldur en árið 2023. Lögregla og tollgæsla lögðu hald á meira en 200 kg af marjúana og 54 kg af kókaíni. Þá voru haldlögð um 175 kg af hassi en einungis árið 2008 var lagt hald á meira magn (213 kg). Magn haldlagðs amfetamíns og amfetamínbasa dróst saman frá árinu á undan og hafa verið nokkrar sveiflur í því magni sem haldlagt hefur verið síðustu ár. Magn MDMA mældist alls 350 grömm eða mun minna en árið áður.

Í nýrri skýrslu Europol (2023) um evrópska fíkniefnamarkaðinn er lögð áhersla á þá ógn sem ungmennum stafar af skipulagðri brotastarfsemi sem tekur sífellum breytingum. Brotahópar nálgast ungmenni í viðkvæmri stöðu sem eru tæld eða þvinguð til þess að taka þátt í brotastarfseminni. Slíkt setur framtíð þeirra og velferð í aukinna hættu þar sem þau festast í hringrás ofbeldis og afbrota. Europol leggur skýra áherslu á að efla þurfi forvarnarstarfsemi svo ungmenni í jaðarhópum, sem eru einnig mjög berskjölduð fyrir öfgaefni á internetinu, fái þann stuðning sem þau þurfa til að þroskast og dafna. Eitt einkenni brotahópa á Norðurlöndum er að þeir nýta sér ungmenni og aðra viðkvæma hópa samfélag-sins í sinni ólöglegu starfsemi.

# TÖLFRÆÐIGÖGN LÖGREGLU

Í þessum kafla eru skoðuð ofbeldisbrot, en þegar vísað er til allra ofbeldisbrota er átt við kaflann í hegningarlögum um „Manndráp og líkamsmeiðingar“. Sérstök áhersla er lögð á að skoða gerendur á aldrinum 10–17 ára.


## ALMENNT UM OFBELDISBROT

Þegar litið er til heildarfjölda ofbeldisbrota á Íslandi má sjá að langstærsti hluti þessara brota eru minniháttar líkamsárásir (sbr. 217. grein hegningarlaga) eða um 77% brota. Næst flest eru meiriháttar eða stórfelldar líkamsárásir (sbr. 218. grein hegningarlaga) eða um 15 % brota.

## FJÖLDI OFBELDISBROTA Á 10 ÞÚSUND ÍBÚA

Mynd 1

Heildarfjöldi ofbeldisbrota á 10 þúsund íbúa óháð aldri sakborninga árin 2007–2023.



Þessi brot eru samtals um 92% allra ofbeldisbrota og verður litið sérstaklega til þeirra síðar í kaflanum. Eins og sjá má á mynd 1 náði heildarfjöldi ofbeldisbrota á íbúa hámarki árið 2007, fækkaði þá til ársins 2014, þegar þeim fjölgaði á nýjan leik. Haustið 2014 voru verklagsreglur RLS um meðferð og skráningu heimilisofbeldismála uppfærðar og um svipað leyti hóf lögregla á höfuðborgarsvæðinu að vinna eftir breyttu verklagi. Það skilaði sér í bættri skráningu ofbeldisbrota og fjölgun skilgreindra brota. Brotin voru 59 á hverja 10 þúsund íbúa árið 2007 en 56 á hverja 10 þúsund íbúa árið 2023 og voru því flest á íbúa árið 2007. Þegar litið er sérstaklega til meiriháttar/stórfelldra líkamsárása voru þær flestar árið 2023 og 31% fleiri á íbúa en að meðaltali síðustu fimm ár á undan, eða 9,2. Brotin voru næst flest á íbúa árið 2009 þegar þau voru 8,1 á hverja 10 þúsund íbúa.

Þegar öll ofbeldisbrot eru skoðuð má sjá að meirihluti gerenda eru karlar eða um 80% og meðalaldur gerenda um 34 ár. Þegar meiriháttar/stórfelld ofbeldisbrot eru skoðuð er hlutfall karlkyns gerenda enn hærra, eða 89% geranda og meðalaldur lægri, eða 29 ár.


Tafla 1

	Meðalaldur	Hlutfall kk
Öll ofbeldisbrot	33,8	80%
Meiriháttar/stórfelld	29,7	89%

## OFBELDISBROT UNGMENNA – FJÖLDI BROTA OG Á ÍBÚA

Mynd 2


Heildarfjöldi ofbeldisbrota ungmenna og fjöldi brota þeirra á hverja 10 þúsund íbúa árin 2007-2023. Íbúafjöldi miðast við 1. janúar ár hvert.



## FJÖLDI UNGMENNA SEM GRUNUÐ VORU UM OFBELDISBROT

Mynd 3

Fjöldi ungmenna sem grunuð voru um ofbeldisbrot frá árinu 2007.



### OFBELDISBROT BARNA OG UNGMENNA

Á mynd 2 má sjá heildarfjölda ofbeldisbrota ungmenna. Brotin eru rúmlega 200 árið 2017, fækkar fram til 2014 þegar þau eru ríflega 80 talsins en þá fer þeim að fjölga á ný og eru 285 árið 2023. Þá eru þau 35% fleiri en að meðaltali síðustu 5 ár þar á undan. Þegar tekið er tillit til íbúafjölda var fjöldinn 7,0 brot á hverja 10 þúsund íbúa árið 2007, fækkaði í 2,5 brot árið 2014 en fjölgaði eftir það og voru 7,3 á hverja 10 þúsund íbúa árið 2023.

Einn gerandi getur verið ábyrgur fyrir mörgum brotum. Á mynd 3 er litið til fjölda ungmenna sem grunuð voru um ofbeldisbrot. Þar má sjá að 186 ungmenni voru grunuð um einhvers konar ofbeldisbrot árið 2007, þá fór þeim að fækka og voru færst árið 2012 eða 75. Þá fór þeim að fjölga aftur og voru 189 árið 2023. Það eru um fjórðungi fleiri ungmenni en að meðaltali síðustu fimm ár þar á undan. Þegar litið er allt aftur til ársins 2007 má sjá að hlutfall ungmenna sem voru grunuð um ofbeldisbrot var hærra árið 2007 en árið 2023, eða 0,51% á móti 0,48% ungmenna. Ítrekunartíðni er hins vegar meiri árið 2023 (1,5) en 2007 þegar hvert ungmenni var að meðaltali grunað um 1,2 brot.


Mynd 4 sýnir fjölda ungmenna sem eru grunuð um ofbeldisbrot eftir ólíkum aldurshópum. Hér má sjá fjölgun gerenda á aldrinum 13-15 ára en árið 2023 voru 13-15 ára gerendur fleiri en 16-17 ára gerendur. Þegar alvarleg ofbeldisbrot eru greind eftir aldri gerenda má einnig sjá fjölgun í aldrinum 15 ára og yngri yfir tímabilið. Þeim fjölgar einnig í aldurshópnum 16-17 ára en ekki eins afgerandi eins og í yngri aldurshópnum.

Mynd 5 sýnir fjölda brota eftir tegundum líkamsárása og mynd 6 hve hátt hlutfall af ungmennum hér á landi það samsvarar. Eins og sjá má á mynd 6

**FJÖLDI EINSTAKLINGA EFTIR ALDURSHÓP**

Mynd 4

Fjöldi ungmenna grunuð um ofbeldisbrot, eftir aldri.



Þá sýnir efri línan að um 0,41% ungmenna var grunað um einhvers konar ofbeldisbrot árið 2007, hlutfall lækkaði árin á eftir en hækkaði svo aftur frá árinu 2015 og var hlutfallið 0,35% árið 2023. Neðri línan sýnir hlutfall ungmenna sem grunuð eru um meiriháttar eða stórfellda líkamsárás og var hlutfallið 0,09% ungmenna árið 2007 en er komið í 0,18% ungmenna árið 2023 og sjá má einnig að hlutfallið var hærra en áður árin 2021, 2022 og 2023.


Árlega eru fá tilvik skráð hjá lögreglu þar sem hnífar í fórum ungmenna á aldrinum 10–17 ára eru haldlagðir af lögreglu, eða innan við tvö tilvik á mánuði. Mjög sjaldgæft er að lögregla leggi hald á hnífa í fórum barna yngri en 15 ára. Ekki er að sjá að fjölgun haldlagðra hnífa meðal 10–17 ára, þegar árið 2023 er borið saman við meðaltal árána 2020–2022 og ekki heldur meðaltal árána 2018–2022. Hnífaburður er meira áberandi í tölum lögreglu þegar aldurshópurinn 18 ára og eldri er skoðaður. Tölur lögreglu gefa til kynna að haldlagningar á hnífum hefur fjölgað þegar einstaklingar milli tvítugs og þrítugs eiga í hlut.

Á mynd 7 eru ítrekun ofbeldisbrota ungmenna skoðuð árin 2007, 2015 og 2023. Heildarfjöldi ungmenna sem grunuð eru um brot er svipaður árin 2007 og 2023, en færri árið 2015, eins og áður hefur verið greint frá. Þegar litið er til ítrekunartíðni hópsins má sjá að árin 2007 og 2015 var um 11–14% ungmenna grunuð um fleiri en eitt ofbeldisbrot, en hlutfallið var um fjórðungur (24%) árið 2023. Þá voru 13 einstaklingar grunaðir um fleiri en 3 ofbeldisbrot árið 2023, eða 7% grunaðra. Ungmennum sem fremja brot er ekki að fjölga hlutfallslega en fleiri fremja ítrekuð ofbeldisbrot.

## MINNIHÁTTAR OG MEIRIHÁTTAR LÍKAMSÁRÁSIR

Mynd 5


Fjöldi líkamsárása (217 gr.) og líkamsmeiðinga (218. gr.) ungmenna.



## BROT Á ÍBÚA

Mynd 6


Fjöldi ofbeldisbrota ungmenna á 10 þúsund íbúa, árin 2007–2023. Íbúafjöldi miðast við 1. janúar ár hvert.



## ÍTREKUN UNGMENNA Í OFBELDISBROTUM

Mynd 7


Fjöldi ungmenna í ofbeldisbrotum eftir fjölda brota þeirra, árin 2005–2015 og 2023.



## UNGMENNI, HLUTFALL GRUNÐRA EFTIR KYNI.

Mynd 8

Hlutfall ofbeldisbrota ungmenna árin 2007–2023, eftir kyni.





Gerendur ofbeldis í tölum lögreglu eru í langflestum tilfellum karlkyns. Gögn Barna og fjölskyldustofu (2024) benda einnig til þess að tilkynningar vegna ofbeldis barna séu kynjaðar, þ.e.a.s. margfalt fleiri tilkynningar berast vegna drengja en stúlkna eða stálpa, en frá 77–84% tilkynninga eru vegna ofbeldis drengja sem er einnig á pari við gögn lögreglu.

## RÁN

Einnig var litið sérstaklega til þróunar rána og hvort sambærilega þróun megi sjá þar. Árin 2023 og 2024 hefur borið á fjölgun í heildarfjölda rána miðað við fyrri ár. Brotin voru yfirleitt 50–55 talsins árin 2007–2017, voru 69 að meðaltali 2018–2022, en árið 2023 voru þau 105 talsins og hafa aldrei verið fleiri. Þegar litið er til ungmenna árin 2007, 2015 og 2023, má sjá að árið 2007 voru gerendur þekktir í 50% málanna og voru 8 ungmenni grunuð (18% grunaðra). Árið 2015 voru grunaðir þekktir í 60% tilvika, og þá var aðeins 1 hinn grunaðra undir 18 ára aldri (2% grunaðra). Þá var árið 2023 grunaðir þekktir í um 73% mála, og var um að ræða 15 ungmenni (14% grunaðra).



# TENGINGAR VIÐ SKIPULAGÐA BROTASTARFSEMI

---

Lögreglan á Íslandi hefur áhyggjur af hópamyndun ungmenna og ungra karlmannna sem tengjast ofbeldismálum og skipulagðri brotastarfsemi. Greiningardeild embættis ríkislögreglustjóra bendir á að greiningar þeirra sýni vísbendingar um að ungmenni eru hluti af félagahóp með brotahópum og/eða einstaklingum sem eru virkir þátttakendur í skipulagðri brotastarfsemi. Einn áhættuþáttur þegar kemur að brotahópum er sú aðferðafræði að nálgast ungmenni, sem eru einn viðkvæmasti hópur samfélagsins, með það í huga að efla brotastarfsemina. Vegna smæðar þjóðfélagsins hér á landi þá sjást afleiðingar af hagnýtingu ungmenna og þeirri aðferðafræði sem brotahópar nýta fyrr en ella. Má þá sjá að:

- Ungmenni, 18 ára og yngri, eru hagnýtt í sölu fíkniefna
- Ofbeldi er beitt gagnvart jafnöldrum og eldri einstaklingum sem tengjast fíkniefnamarkaðinum og/eða skipulagðri brotastarfsemi

Þegar fjallað er um hagnýtingu er átt við þá aðferðafræði brotahópa að þvinga, hótta, kúga eða beita sálrænum blekkingum til að fá sínu framgengt. Gögn lögreglu gefa til kynna að einstaklingar og hópar í skipulagðri brotastarfsemi nálgast börn og ungmenni þar sem líkamsárásir, ofbeldi, hótanir, fíkniefnasala og vopnaburður eru hluti af ólöglegri starfsemi hópana.

## ÖNNUR GÖGN UM ÞRÓUN ÁHÆTTUHEGÐUNAR BARNNA

Barna og fjölskyldustofa (2024) hefur tekið saman fjölda tilkynninga sem bárust barnaverndarþjónustum fyrir árið 2023.<sup>1</sup> Flestar tilkynningar voru vegna vanrækslu á börnum eða 41,4% allra tilkynninga. Hlutfallslega fjölgaði tilkynningum mest í flokki áhættuhegðunar barna. Tilkynningum vegna áhættuhegðunar fjölgaði um 25% árið 2023 samanborið við árið 2022. Þá munaði helst um tilkynningar vegna þess að barn stefnir eigin heilsu í hættu og afbrota barna sem slíkum tilkynningum fjölgaði um 45% á milli ára. Tilkynningum vegna afbrota barns fjölgaði einnig tölvuvert milli ára, eða um 26%. Tilkynningum vegna þess að barn beitir ofbeldi fjölgaði um 13% árið 2023 frá fyrra ári.

Í spurningakönnunum sem framkvæmdar eru á vegum Rannsókna og greiningar og hafa verið lagðar hafa verið fyrir reglulega meðal barna í grunnskólum á Íslandi, kemur fram að þegar ungmenni eru spurð út í reynslu þeirra af ofbeldi sl. 12 mánuði, hefur hlutfall þeirra sem hafa orðið fyrir ofbeldi verið mjög svipað á árunum 2012–2022, en 9% ungmenna höfðu orðið fyrir slíku árið 2012 en 10% árið 2022 (Margrét Lilja Guðmundsdóttir, 2022). Þannig sýna kannanir að þegar ungmenni eru sjálf spurð út í þeirra upplifun og reynslu af ofbeldi helst hlutfallið svipað.

Ný norræn rannsókn Margrétar Valdimarsdóttur o.fl. frá árinu 2024 tók til allra Norðurlandanna, Svíþjóð, Danmerkur, Noregs, Finnlands og Íslands. Niðurstöður benda til þess að hlutfall ungmenna sem taldi sig vera þátttakendur í gengjum á aldrinum 13–17 ára var hæst í Stokkhólmi (11%) og þar á eftir í Helsinki (9%). Í Næstved og Randers í Danmörku var hlutfallið 7% en í Reykjavík og öðrum bæjum var hlutfallið frá 5–6%. Ungmenni í Osló í Noregi voru með svipaða þátttöku og ungmenni á Íslandi eða um 6%. Almennu voru ungmenni sem töldu sig vera hluti af götugengjum líklegri til að fremja skemmdarverk og þjófnað, beita ofbeldi og selja fíkniefni.

Lilja Rut Geirdal Jóhannsdóttir (2024) tók saman niðurstöður úr íslensku æskulýðsrannsókninni frá árunum 2020–2022 og þar kemur fram að dregið hefur úr ofbeldishegðun meðal ungmenna undanfarin ár meðal nemenda í 8., 9. og 10. bekk. Til dæmis voru 41% drengja sem svöruðu játandi árið 2020 að hafa hrint einhverjum en hlutfall þeirra var 30% árið 2022. Í fyrrnefndri rannsókn er tölfræði lögreglu og barna- og fjölskyldustofu borin saman við rannsóknir á vegum Rannsókna og greininga og Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar. Í báðum þeim rannsóknum eru börn og ungmenni spurð út í þeirra eigin upplifun og þátttöku af ofbeldishegðun. Bendir Lilja Rut á að ekki er sjá aukningu á ofbeldishegðun ungmenna í þeim könnunum.

Niðurstöður Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar sem lögð var fyrir nemendum í grunnskólum landsins árið 2023 á vegum Menntavísindastofnun Háskóla Íslands, gefur til kynna að 11% barna í 10. bekk hafa orðið vitni af heimilisofbeldi.

<sup>1</sup> Samkvæmt skilgreiningu Barna og fjölskyldustofu (2022) snúa afbrot ungmenna að þeim einstaklingum sem eru viðriðin ólöglegu athæfi eða afbrotum sem leiða til afskipta lögreglu, svo sem skemmdarverk, innbrot, þjófnað og umferðarlagabrot. Í sömu skilgreiningu er ofbeldi ungmenna, en það flokkast þar sem ungmenni beitir annan einstakling ofbeldi, líkamlegu, tilfinningalegu eða kynferðislegu. Hér er meðtalið stafrænt kynferðislegt ofbeldi.

Jafnframt höfðu 41% bara í 6. bekk lent í slagsmálum, 27% barna í 8 bekk og 18% barna í 10 bekk. Þegar bakgrunnsbreytur í rannsókninni eru skoðaðar þá kemur í ljós t.d. að stúlkur af erlendum uppruna eru líklegri til að verða fyrir einelti og drengir af erlendum uppruna líklegri til að hafa lent í slagsmálum. Þá eru þau líklegri til að hafa upplifað heimilisofbeldi og upplifa sig minna örugg í sínu sveitarfélagi.

Gögn Lögreglu og Barna og fjölskyldustofu, líkt og nefnt er hér að ofan, gefa hins vegar til kynna hið gagnstæða. Niðurstöður rannsóknar Lilju Rutar benda til þess að hugsanlega hefur orðið ákveðin tvískipting eða pólarisering á sér stað í samfélaginu varðandi afstöðu til ofbeldis á Íslandi (Lilja Rut Geirdal Jóhannsdóttir, 2024).

# MENNINGARKIMAR OFBELDIS

Þegar ungmenni og börn búa við ákveðnar aðstæður, til dæmis ójöfnuð, erfiðar heimilisaðstæður, upplifa stimplun, misrétti og kynþáttafordóma, þá er ofbeldi stundum hluti af þeirra bjargráði til að afla fjár, upphefja stöðu sína, virðingu eða notað sem öryggi og verndarúrræði þegar annað bregst. Áföll geta einnig talist áhættuþáttur þegar ungmenni eru líkleg til að beita aðra ofbeldi (Walsh, 2019).

Nærumhverfi barna og ungmenna hefur mótandi áhrif á félagsfærni, lífsleikni, þroska og viðhorf til samfélagsins, þar með talið áhættuhegðun og hvort þau beiti ofbeldi. Þegar kemur að verndandi þáttum, þá eru ungmenni ólíklegri til að beita ofbeldi ef þau hafa sterk félagsleg tengsl við aðra einstaklinga, foreldra, skóla eða stunda tómstundir, sem hafa jákvæð félagsleg gildi, viðmið og reglur. Þessi félagslegu tengsl eru mynduð innan fjölskyldu, skóla eða jafningjahóps og birtast svo í sjálfsmynd ungmenna (Case og Browning, 2021). Rannsóknir gefa til kynna að börn sem alast upp í nærumhverfi skipulagðrar brotastarfsemi og eiga foreldra sem hafa átt langa afbrotahegðun, alast upp í ólíku félagslegu umhverfi heldur en börn einstaklinga í öðrum tegundum afbrota og þeirra sem stunda ekki afbrot. Þessi ungmenni eru útsettari fyrir fíkniefnum og félagslegu samþykki áhættuhegðunar (van Dijk ofl. 2022:208).

Á undanförunum árum hefur orðið mikil fjölgun á rannsóknum hérlendis á því hvernig nærsamfélagið mótast fráviks- og afbrotahegðun ungmenna. Einblínt hefur verið á þau áhrif sem félagsleg samsetning í nærsamfélaginu hefur áhrif á samskipti fólks innan hverfisins, tengsl við stofnanir þess og sameiginleg gildi og viðhorf (Jón Gunnar Bernburg og Margrét Valdimarsdóttir, 2023:125).

Í rannsókn Jóns Gunnars Bernburg og Þórólfs Þórlindssonar frá árinu 2005 var kenningin um menningarkima ofbeldis prófuð á íslenskum ungmennum. Niðurstöður rannsóknarinnar gáfu til kynna að þau viðhorf sem unglingar hafa

til ofbeldis hefðu töluverð áhrif á það hvort unglingar beiti ofbeldi. Jafnframt hafa viðhorf skólafélaganna einnig áhrif á ofbeldishegðun þeirra. Þegar fjallað er um menningarkima ofbeldis (e. *subcultural violence*) í rannsóknum er átt við sameiginlega menningu sem ríkir innan hópa þar sem samskipti, hegðun, gildi og viðmið eru frábrugðin tíðarandanum sem tíðkast í samfélagi þar sem félagslegum og lagalegum reglum er fylgt eftir (e. *mainstream culture*). Sú réttlæting ofbeldis sem viðhefst innan menningarkima ofbeldis er að sjálfsmynd hópa byggir á beitingu ofbeldis, sem og verndar hópinn fyrir mögulegri ógn (Walsh, 2018). Að svara ekki til baka þegar einstaklingum er hóttað er talið hafa neikvæð áhrif á orðspor og heiður, eykur einnig líkurnar á að ofbeldi sé beitt (Wolfgang og Ferracuti, 1967, Sanandaji, 2020). Virðing hópsins er því stór hluti af sjálfsmynd hans. Margar rannsóknir (sjá m.a. Anderson, 1999; Felson, 1994; Jón Gunnar Bernburg og Þórólfur Þórlindsson, 2005; Ousey og Wilcox, 2005) hafa verið gerðar síðustu áratugi á tengslum ungmenna, menningar og afbrota. Hér er sérstaklega átt við lögmál götunnar (e. *code of the street*) sem getur endurspeglast í ofbeldis- og áhættuhegðun ungmenna. Samkvæmt Anderson (1999:33) þá snúast götukóðar um óformlegar félagslegar reglur sem réttlæta beitingu ofbeldis og afbrotahegðunar. Lögmál götunnar, sem lýsa sér í félagslegum gildum líkt og heiðri, smánun, afbrýðisemi eða ögrun getur ýtt af stað ofbeldisfullri atburðarrás. Virðing er mikilvægur götukóði þegar kemur að jaðarhópum ungmenna, það er erfitt að ávinna sér virðingu en auðvelt að missa hana. Virðing er fyrirbæri sem ofbeldi þrífst á og þegar vanvirðing á sér stað (smánun) er ofbeldi þá fyrsta bjargráðið sem notast er við til að viðhalda virðingarstöðu meðal jafningja (Anderson, 2008). Í nútímasamfélagi, má nefna að götukóðar eiga sér stað bæði á samfélagsmiðlum jafnt sem nærumhverfi ungmenna.

# OFBELDI OG SAMFÉLAGSMIÐLAR

Samfélagsmiðlar spila stórt hlutverk í lífi ungs fólks á Íslandi sem nota miðlana til samskipta, afþreyingar og upplýsinga. Samþætting samfélagsmiðla við athafnir daglegs lífs hefur gjörbylt samskiptum þar sem mörkin á milli þess sem gerist í raunheiminum og á samfélagsmiðlum eru orðin nokkuð óljós. Ofbeldi finnur sér sífellt nýjan farveg og á síðustu árum virðist sem stafrænir miðlar verði algengari vettvangur ofbeldis af ýmsum toga. Hið stafræna umhverfi er í stöðugri þróun og netnotkun verður stærri hluti af lífi barna, sú þróun skapar ný tækifæri fyrir börn en henni fylgir einnig aukin hættu á því að brotið sé gegn börnum og réttindum þeirra (Guðrún Kristinsdóttir og Nanna Kristín Christiansen, 2022).

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur bent á að ofbeldi meðal ungmenna er útbreitt vandamál og ofbeldisómeyning ungmenna eigi sér að mörgu leyti stað á samfélagsmiðlum. Birt eru myndbönd af grófum slagsmálum þar sem unglingar standa jafnvel aðgerðarlausir í kring eða hvetja gerendur til dáða. Þátttakendur eru bæði stelpur og strákar, oftast unglingar á grunnskólaaldri. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu skoðaði markvisst ofbeldismyndbönd ungmenna í átaksverkefni sumarið 2020. Í kjölfarið var búið til verklag um hvernig embættið myndi vinna slík mál og hefur það tvisvar verið uppfært síðan. Í dag er ekki verið að skoða samfélagsmiðla og myndbönd kerfisbundið en berist ábendingar eru þær skoðaðar og reynt að loka síðum/hópum með slíku efni.

Þá hefur lögreglan miklar áhyggjur af ofbeldismyndböndum og prófílum (e. *account*) sem eru í umferð á samfélagsmiðlum á Íslandi. Myndböndin eiga það sameiginlegt að ofbeldi er tekið upp á snjallsíma oft er um að ræða alvarlegar líkamsárásir þar sem sparkað er í höfuð brotaþola, hann beittur öðrum líkamsmeiðingum og smánaður. Ef sýnt er frá ofbeldishegðun á samfélagsmiðlum, með mynd eða sögu (e. *story*), eða streymt á miðlunum, þar sem verið er að beita ofbeldi eða egna annan hóp, geta hefndaraðgerðir



stigmagnast hratt. Hótanir á samfélagsmiðlum geta beinst að öðrum ungmennahópi eða einstaklingum og frumkvæðislöggæsla getur reynst erfið ef bregðast á við tafarlaust. Fylgjendur þessa einstaklinga á samfélagsmiðlum geta einnig ýtt undir árásargirni með því að setja „like“ á Instagram pósta og sögur, sem setur ákveðna pressu á þessa aðila að fylgja hótunum eftir til enda eða dreifa fleiri ofbeldismyndböndum. Nokkur undirbúningur getur átt sér stað áður en ofbeldismyndböndin eru tekin upp. Framsetning ofbeldisins á sér oft aðdraganda og þó að hvatvísi einkenni ofbeldið getur það verið skipulagt. Áhorfendur geta fylgst með ofbeldinu á samfélagsmiðlum og í raunheimum, og horft á bæði gerendur og þolendur. Samfélagsmiðlar eru svo nýttir til að miðla efninu áfram á enn stærri markhóp. Hreyfanleiki ungmenna og hópa er þó nokkur og hægt að skipuleggja „hitting“ með stuttum fyrirvara þar sem hópar fara á milli hverfa á rafmagnshlaupahjólum og í strætó í þeim tilgangi að horfa á eða taka þátt í ofbeldishegðun. Margrét Valdimarsdóttir hefur bent á að um 7% ungmenna á Íslandi telja sig þurfa að bera vopn í því skyni að verja sig (2023). Útbreiðsla samfélagsmiðla meðal ungmenna, með þeim félagslegum styrkleikum sem þeim fylgja, virðist hafa breytt birtingarmyndum ofbeldis á síðustu árum og jafnvel stuðlað að neikvæðri samfélagslegri þróun ofbeldisbrota.

Fræðimenn hafa skilgreint tæknilegan hreyfanleika afbrota (e. *digital drifting*) þegar einstaklingar flakka á milli afbrota- og áhættuhegðunar í raunveruleikanum sem og á samfélagsmiðlum. Félagslegu samskiptin eiga sér stað því bæði á netinu sem og í raunheimum og eru því einstaklingar ekki oft meðvitaðir um að það sem verið er að horfa á eða setja á miðlana sé afbrota- eða ofbeldishegðun (Goldsmith og Brewer, 2015). Rannsóknir sýna að ungmenni sem sýna áhættuhegðun á samfélagsmiðlum og á internetinu eru líklegri til að tileinka sér þau gildi að ofbeldi meðal jafningja sé eðlileg hegðun og hluti af menningu ungmennahópa (Hinduja og Patchin, 2013, Williams og Guerra, 2007).

# NÆSTU SKREF

Afbrotavarnir eru lykilatriði til að takast á við alvarleg ofbeldisbrot. Beina þarf börnum frá afbrotum strax í upphafi, og á sama tíma tryggja að lögreglan hafi þau verkfæri og mannafla sem þarf til að takast á við alvarleg ofbeldisbrot.

Þar er þverfagleg samvinna lögreglu við nærsamfélög lykilatriði. Reynslan hér og erlendis sýnir að ekki verður komið í veg fyrir alvarleg ofbeldisbrot nema með samvinnu lögreglu, félags- og barnaverndarþjónustu sveitarfélaga, heilbrigðis- og menntakerfis auk annarra lykilaðila í hverju nærsamfélagi fyrir sig.

## EFLA FORVARNIR OG FRÆÐSLU VEGNA AFBROTAVARNA

Mikilvægt er að beina börnum frá afbrotum, efla úrræði sem taka á orsökum þess að börn leiðast út í afbrot og gera nýliðun erfiðari.

Ríkislögreglustjóra hefur verið falin samhæfing meðal lögreglunnar vegna forvarna og fræðslu og samfélagslögreglumönnum fjölgað. Mikilvægt er að halda áfram að fjölga samfélagslögreglumönnum/forvarnarfulltrúum hjá embættunum, þá sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu, Norðurlandi eystra og Suðurnesjum.

- Ljúka þarf við verkfærakistu fyrir samfélagslögreglumenn með áherslu á forvarnir gegn ofbeldisbrotum.
- Halda þarf áfram vitundarvakningu gegn áhættuhegðun barna með samstarfsaðilum, þ.m.t. Flotanum og Saman hópnum.
- Áfram þarf að huga að vitundarvakningu vegna heimilisofbeldis og kynferðisbrota, þ.m.t. meðal barna.
- Setja þarf upp mælaborð lögreglunnar vegna afbrota barna.
- Greina þarf betur áhrif samfélagsmiðla á dreifingu vímuefna og á alvarleg ofbeldisbrot.

## ÞRÓA ÁFRAM ÖRUGGARI LANDSHLUTA, SVÆÐISBUNDIÐ SAMRÁÐ UM AFBROTAVARNIR

Afbrotavarnir eru unnar í samvinnu við aðrar lykilstofnanir. Unnið er að því að koma á svæðisbundnum samráðsvettvangi lögreglu, sveitarfélaga, heilbrigðisþjónustu og annarra lykilaðila innan allra lögregluumdæma. Markmiðið er að þar verði mótaðar svæðisbundnar áætlanir með skýrum mælikvörðum til að vinna gegn alvarlegum ofbeldisbrotum.

- Móta þarf áfram verkferla um barnvæna löggæslu (e. *Child-friendly justice*) og innleiða.
- Setja þarf lög um þjónustu vegna ofbeldis.
- Tryggja þarf gagnkvæma upplýsingamiðlun og samvinnu til að koma í veg fyrir ítrekuð ofbeldisbrot barna og ungmenna út frá farsældar- og barnaverndarlögum.
- Samræma bakvaktir velferðarkerfa vegna útkalla lögreglunnar vegna ofbeldisbrota.
- Tryggja þarf úrræði fyrir börn og ungmenni sem eru hvorki í vinnu né námi (NEET).
- Þróa þarf göngudeildarúrræði vegna áfengis -og vímuefnavanda fyrir börn og ungmenni.
- Huga þarf sérstaklega að inngildingum barna af erlendum uppruna.

# LOKAORÐ

Markmið með þessari skýrslu var að greina ofbeldi sem jaðarhópar ungmenna stunda, út frá afbrotatölfræði lögreglunnar sem og öðrum birtingarmyndum ofbeldis. Jafnframt var horft til stöðu ungmennaofbeldis á Norðurlöndum síðustu ár, aðallega frá sjónarhorni löggæslu.

Í alþjóðlegum samanburði er Ísland friðsælt land og býr við almennt öryggi og lága afbrotatíðni (Global Peace Index, 2023). Samanburður við önnur lönd er ávallt flókin, sér í lagi þegar bera á saman afbrotatölfræði þar sem skráningar eru ekki að fullu sambærilegar milli ólíkra landa og skilgreiningar eru jafnvel mismunandi. Hins vegar er mikilvægt að hafa yfirsýn yfir þann samfélagslega vanda sem ofbeldi hefur í för með sér og hefur samanburðurinn það að leiðarljósi að efla vitund okkar á þeim áskorunum sem tengjast ofbeldi barna og ungmenna sem norræn lönd, þ.m.t., Ísland, búa við.

Löggæsluembætti í Noregi og Finnlandi hafa bæði gefið út fréttatilkynningar þar sem áhyggjur eru af hærri ofbeldistíðni miðað við fyrri ár og aukinni hópamyndun meðal barna og ungmenna. Sérstaklega er aukin vopnaburður nefndur þar sem hnífar koma við sögu og tengingar við skipulagða brotastarfsemi. Löggæsluyfirvöld í Danmörku eiga ekki útgefið efni um málaflokkinn heldur sér dómsmálaráðuneytið um útgáfu á tölfræði og samantekt. Frá árinu 2020, í heimsfaraldrinum, fjölgaði ofbeldismálum í Danmörku en fjöldinn hefur haldist stöðugur til ársins 2023. Svíþjóð sker sig verulega frá öðrum þjóðum þegar kemur að afbrota- og ofbeldishegðun í samanburði við hin Norðurlöndin, þ.e. ofbeldistíðni og aðferðir þar hafa leitt af sér mun alvarlegri vanda en í hinum Norðurlöndunum. Þó er samnefnari ofangreindra landa, þar á meðal á Íslandi, aukna tíðni ofbeldis hjá 15 ára og yngri og að alvarlegum ofbeldisbrotum fer fjölgandi. Hér á landi er má ekki greina merkjanlega aukningu í fjölda ungmenna sem eru grunuð um ofbeldi miðað við sl. áratug, heldur er aukning í ítrekun ofbeldisbrota og fjölgun á alvarlegri brotum. Gefur slíkt til kynna að lítill hópur ungmenna séu í meira mæli að fremja ítrekuð ofbeldisbrot.

Jafnframt er Ísland ekki undanskilið þeirri þróun á Norðurlöndum þegar kemur að hagnýtingu ungmenna í skipulagðri brotastarfsemi en hún er þó ekki eins umfangsmikil og hjá nágrannalöndum.

Lögreglan hefur á síðustu árum bent á að ofbeldi innan ákveðinna hópa ungmenna virðist vera að breytast og að hópamyndun og átök milli ungmenna væri að taka á sig harðari mynd en áður þar sem hnífum og öðrum eggvopnum væri beitt. Greiningardeild bendir á í þessari skýrslu að ungmenni –og ungmennahópar tengjast einstaklingum og hópum í skipulagðri brotastarfsemi. Brotahópar sem tengjast fíkniefnamarkaðinum hérlandis hagnýta ungmenni í sölu fíkniefna. Vönduð skráning í málaskrá lögreglu og þverfagleg samvinna lögreglu, barnaverndarþjónustu, velferðar- og menntakerfis, auk annarra lykilaðila er grundvöllur þess að tryggja farsæld barna.

Stærstur hluti ungmenna stundar ekki áhættuhegðun og almennar rannsóknir þar sem öll ungmenni eru skoðuð sýna ekki vísbendingar um fjölgun ofbeldisbrota. Hins vegar eru ákveðnar vísbendingar í gögnum lögreglu um tiltölulega lítinn hóp ungmenna sem stundar áhættuhegðun og beitir alvarlegra ofbeldi og jafnvel ítrekað. Sú fjölgun sem hefur orðið á ungmönnum á aldrinum 15 ára og yngri sem eru grunuð í alvarlegum ofbeldismálum, kann að gefa til kynna að þröskuldurinn fyrir því að beita alvarlegu ofbeldi er orðin lægri og að ofbeldið sé orðið meira samfélagslegra viðurkennt meðal þeirra einstaklinga sem stunda slíka áhættuhegðun.

# HEIMILDASKRÁ

---

- Anderson, E. (2008). The code of the streets. *After the war on crime: Race, democracy, and a new reconstruction*, 73–88.
- Åberg, E., & Tyvelä, H. (2023). Finnish and Swedish 'gangsta rap' as a window on the dismantlement of the Nordic welfare state. *Crime, Media, Culture*, 17416590231197202.
- Barna – og fjölskyldustofa. (2022). Skilgreininga- og flokkunarkerfi í barnavernd 3. útgáfa. Sótt af: <https://www.bofs.is/media/almeningur/sof-kerfi-3.-utgafa-2022.pdf>
- Barna- og fjölskyldustofa. (2024). Samanburður á fjölda tilkynninga til barnaverndarþjónusta á árunum 2021-2023. Sótt af: Samanburður á fjölda tilkynninga til barnaverndarþjónusta á árunum 2021–2023 | Fréttasafn | Barnaverndarstofa (bofs.is)
- Barnaverndarlög nr. 90/2002. Alþingi. Sótt af: [althingi.is](http://althingi.is)
- Billingham, L. and Irwin-Rogers, K., 2022. *Against youth violence: A social harm perspective*. Policy Press.
- Brottsforebyggande rådet. (2024). Konstaterade fall av dödligt vald. Sótt af: [Microsoft Word - Statistikrapport\\_DÄ9ldligtvald\\_2023](https://www.bra.se/Microsoft-Word-Statistikrapport_DÄ9ldligtvald_2023) (bra.se)
- Case, S., & Browning, A. (2021). Child first justice: the research evidence-base [full report].
- Carina Gunnarsson. (2023). The Vulnerable State. Political Scientist: How organised crime can exploit the openness and accessibility of public authorities. Sótt af: [den-sarbara-staten.pdf](https://triggerfish.cloud/den-sarbara-staten.pdf) (triggerfish.cloud)
- Center for Disease Control and Prevention. (2023). Preventing Youth Violence. Sótt af: [Preventing Youth Violence | Violence Prevention | Injury Center | CDC](https://www.cdc.gov/violenceprevention/youthviolence/)
- Crenshaw, K. 2014. On Intersectionality: Essential Writings. New Press. New York.
- Colm Walsh (2019): The Utility of a Psycho-Social Approach for Understanding and Addressing Male Youth Violence: The Interface between Traumatic Experiences and Masculinity, *Journal of Aggression, Maltreatment & Trauma*,

- Sótt af: 10.1080/10926771.2018.1561572
- Danmark Statistik. (2022). *Criminality 2022*. Sótt af: [www.dst.dk/site/Dst/Udgivelser](http://www.dst.dk/site/Dst/Udgivelser)
- Det Kriminalpræventive Rad. 2024. *Den unge*. Sótt af: *Mistrivsel og lav selvkontrol er risikofaktorer – Det Kriminalpræventive råd (dkr.dk)*
- Estrada, F. „Ungdomsbrottslighetens utveckling, omfattning och struktur“. I: Estrada, F. och Flyghed, J. (2017). *Den svenska ungdomsbrottsligheten*. Lund: Studentlitteratur.
- Europol. (2023). *EU Drug Markets Analysis. Key insights for police and practice*. Sótt af: *EMCDDA 2024 analysis of European Union drug market and insights for policy and practice (europa.eu)*
- European Commission. (2021). *Youth policies in Denmark*. Sótt af: *Youth policies in Denmark 2021 (europa.eu)*
- Felson, R. B., Liska, A. E., South, S. J., & McNulty, T. L. (1994). The subculture of violence and delinquency: Individual vs. school context effects. *Social forces*, 73(1), 155-173.
- Guðrún Kristinsdóttir og Nanna Kristín Christiansen. (2022). *Ofbeldi gegn börnum: Hlutverk skóla: Handbók fyrir starfsfólk (2. vefútgáfa)*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Global Peace Index. (2023). *Measuring Peace in a Complex World*. Institute for Economics & Peace. Sydney 2023.
- Goldsmith, A., & Brewer, R. (2015). Digital drift and the criminal interaction order. *Theoretical Criminology*, 19(1), 112–130.
- Sarnecki, J. (2017). *Brottsligheten och samhället*. Lund: Studentlitteratur.
- Hagstofa Íslands. (2024). Sótt af: *Mannfjöldinn 1. janúar 2024 – Hagstofa Íslands*
- Hinduja, S., & Patchin, J. W. (2013). Social influences on cyberbullying behaviors among middle and high school students. *Journal of youth and adolescence*, 42, 711–722.
- Ingibjörg Kjartansdóttir. (2022). *Börn og netmiðlar. 1. Hluti – Tækjæign & virkni á samfélagsmiðlum. Fjölmíðlanefnd og Menntavísindasvið Háskóla Íslands*. Sótt af: *Hluti 1 - Börn og netmiðlar - Tækjæign og virkni á samfélagsmiðlum (fjolmidlanefnd.is)*
- Jón Gunnar Bernburg og Þórólfur Þórlindsson. 2005. Violent values, conduct norms, and youth aggression: A multilevel study in Iceland. *The Sociological Quarterly*, 46(3), 457–478
- John Christian Moller. (2022). *Youth Crime and Prevention - Norway in the UN*. Norwegian Ministry of Foreign Affairs. Sótt af: *GA: Youth crime and prevention - Norway in the UN*
- Justitsministeriet. (2023). *Figures for 2023: Over 300 charges among young people between the ages of 15 and 18 for illegally possessing a knife in a public place*. Sótt af: *2023 figures: Over 300 charges among young people*

- aged between 15 and 18 for illegally possessing a knife in a public place | Ministry of Justice (justitsministeriet.dk)
- Kaakinen, M., Moeller, K., Mork Lomell, H., Valdimarsdóttir, M., Westfelt, L., & Rostami, A. (2024). Street Gang Involvement Among Nordic Youth: A comparative study on prevalence and risk factors in Nordic countries. NSfK Policy brief 1/2024. Sótt af: policy-brief-2024-1.pdf (nsfk.org)
- Katharina Tollin, Henrik Angerbrandt, Anna Jonsson. (2023). Brottförebyggande radet, Barn och unga i kriminella nätverk Rapport 2023:13. Sótt af: Barn och unga i kriminella nätverk - Brottsförebyggande rådet (bra.se)
- Klein, M. (2024). The Eurogang Definition. *The Oxford Handbook of Gangs and Society*, 15.
- Lilja Rut Geirdal Jóhannsdóttir. (2024). Áhættuhegðun ugnmenna: Ofbeldi, tíðni þess og birtingarmyndir. Félagsvísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af: <http://hdl.handle.net/1946/46204>
- Liv Elgenklöw, Marja Grill, Johan Wikén, Christofer Brask. (2023). Nickelperson i Foztrot i harva med familjehem. svT nyheter. Sótt af: Nyckelperson i Foxtrot i härva med familjehem | svT Nyheter
- Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu. (2020). Ofbeldi ungmenna. Sótt af: Ofbeldi ungmenna | Lögreglan (logreglan.is)
- Margrét Valdimarsdóttir. (2023). 7% ungmenna segjast bera vopn til að verja sig. Sótt af: Bitið – 7% ungmenna segjast bera vopn til að verja sig – Útvarp – Vísir (visir.is)
- Margrét Valdimarsdóttir og Jón Gunnar Bernburg. (2017). Íslensk afbrotafraeði: Yfirlit íslenskra rannsókna á afbrotum og öðrum frávikum. Íslenska þjóðfélagið, 8. Árgangur. Félagsfræðingafélag Íslands. Sótt af: Skoða Íslensk afbrotafraeði: Yfirlit íslenskra rannsókna á afbrotum og öðrum frávikum (hi.is)
- Menntavísindastofnun Háskóla Íslands. (2023). Íslenska æskulýðsrannsóknin: Farsældarvísar 2023. Sótt af: IAE23\_farsaeld\_birt\_o.pdf (hi.is)
- Ousey, G. C., & Wilcox, P. (2005). Subcultural values and violent delinquency: A multilevel analysis in middle schools. *Youth Violence and Juvenile Justice*, 3(1), 3–22.
- Sanandaji, T., & Sanandaji, T. (2020). Parallel Societies. Mass Challenge: *The Socioeconomic Impact of Migration to a Scandinavian Welfare State*, 109–122.
- Sarnecki, J. (2001). *Delinquent networks: Youth co-offending in Stockholm*. Cambridge University Press.
- Polismyndigheten (2021). Kriminella nätverk inom den organiserade brottsligheten i polisregion Stockholm 2021. Underrättelseheten, polisregion Stockholm. Diarienummer: A584.033/2021–492, U 641/21
- Poliisi. (2024). Sótt af: Police concerned about the increase in violent crime among young people - Police (poliisi.fi)



- Politidirektoratet. (2024). Bekymringsfull utvikling innen ungdomskriminalitet. Sótt af: Bekymringsfull utvikling innen ungdomskriminalitet – Politiet.no
- Poliisi. 2024. Poliishallitus. Nuorisrikollisuus. Sótt af: Nuorisrikollisuus (poliisi.fi)
- Regerinkanslitet, 2024. Nordic ministerial meeting on children and young people involved in crime. Sótt af: Nordic ministerial meeting on children and young people involved in crime - Government.se
- van Dijk, M., Eichelsheim, V., Kleemans, E., Soudijn, M., & Van de Weijer, S. (2022). Intergenerational continuity of crime among children of organized crime offenders in the Netherlands. *Crime, Law and Social Change*, 77(2), 207-227.
- Umboðsmaður barna, 2024. Barnasáttmáli Sameinuðu Þjóðanna. Sótt af: Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins | Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna | Umboðsmaður Barna
- Williams, K. R., & Guerra, N. G. (2007). *Prevalence and predictors of internet bullying*. *Journal of adolescent health*, 41(6), S14–S21.
- Wolfgang, M. E., Ferracuti, F., & Mannheim, H. (1967). *The subculture of violence: Towards an integrated theory in criminology* (Vol. 16). London: Tavistock Publications.
- World Health Organization. Regional Office for Europe. (2010). European report on preventing violence and knife crime among young people. World Health Organization. Regional Office for Europe. Sótt af: <https://iris.who.int/handle/10665/326377>
- World Health Organization. Youth Violence. (2023). Sótt af: Youth violence (who.int)

